



Siðareglur RB

RB leggur ríka áherslur á siðferðileg gildi í starfsemi fyrirtækisins.

Tilgangur siðareglanna er að setja skýr grunnviðmið um góða starfshætti innan RB og eru undirstaða heilbrigðra viðskiptahátta og siðferðis starfsmanna. Þeim er jafnframt ætlað að styðja við aðrar reglur og stefnu sem fyrirtækið hefur sett sér. Þær gilda jafnt um stjórn, stjórnendur og starfsmenn RB.

Stjórn RB og stjórnendur hafa skuldbundið sig til að starfa í anda siðareglanna, þróa og styðja við heilbrigða fyrirtækjamenningu og veita starfsfólki stuðning og aðstæður til að fylgja siðareglunum.

Siðareglurnar eru ekki tæmandi hvað varðar dagleg störf. Starfsfólk ætti að temja sér að fylgja þeim í einu og öllu, í orði og anda og beita dómgreind sinni þegar álitæfni vakna.

Með undirritun ráðningarsamnings staðfestir starfsfólk að það muni starfa í samræmi við siðareglur RB.

1. Samfélagið

Við tökum hlutverki okkar alvarlega og þau áhrif sem starfsemi okkar hefur á það samfélag sem við störfum á. Við höfum gildin okkar, fagmennska og öryggi, að leiðarljósi og nýtum okkur allar leiðir til að starfa í samræmi við góð siðferðileg viðmið.

2. Viðskiptahættir

Við höfum fagmennsku og öryggi að leiðarljósi í öllu því sem við gerum fyrir viðskiptavinum okkar. Það felur m.a. í sér að við hlustum á þarfir þeirra og viljum ávinna okkur traust þeirra. Við bregðumst við ábendingum þeirra og komum í farveg til að bregðast við tafarlaust og á sanngjarnan hátt. Við viljum að samskipti við viðskiptavinum helgist af heilindum þannig að hagur beggja sé tryggður.

Hjá RB bera allir starfsmenn ábyrgð á því að standa vörð um leynd, réttleika og tiltækileika upplýsinga. Fyrir liggur skilgreining á hlutverki og ábyrgð starfsmanna RB og þriðju aðila á upplýsingaöryggi. Það hvernig upplýsingar eru vistaðar og til að koma í veg fyrir að veittur sé aðgangur að upplýsingum til þeirra sem ekki hafa til þess heimild hefur verið skilgreint í sérstakri verklagsreglu. Í annarri reglu er svo kveðið á um varðveislu á gögnum hjá RB.

Við vinnum að öruggri og réttmætri meðferð upplýsinga í samræmi við grundvallarsjónarmið um persónuvernd og friðhelgi einkalífs.

Við bjóðum ekki verðmætar gjafir eða annað sem túlka má þannig að það sé til þess að hafa áhrif á, laða að eða halda viðskiptum og tryggja óeðlilegan ávinning.



3. Vinnustaðurinn

Það er á ábyrgð alls starfsfólks RB að byggja upp góða og heilbrigða liðsheild og starfsanda. Okkur er umhugað um samstarfsfólk okkar, viðskiptavini og aðra sem hagsmuna eiga að gæta í samskiptum við okkur og við sýnum hvert öðru sanngirni og virðingu.

Við erum umburðarlynd fyrir því að við erum ekki öll eins og tökum tillit til ólíkra sjónarmiða. Allt starfsfólk, óháð kyni, á rétt á því að komið sé fram af virðingu og það sæti ekki einelti, smánun, kynbundinni áreitni né ofbeldi af nokkru tagi.

Við öflum okkur upplýsinga um mál eins og þörf er á, fylgjum lögum, reglum, viðurkenndum starfsháttum, siðareglum og öðrum viðmiðum sem eiga við störf okkar hverju sinni.

Ákvarðanir okkar og verk eru í samræmi við lög og reglur auk þess sem við fylgjum eigin verklagsreglum.

Fjárhagslegt vammleysi er forsenda starfs hjá RB.

4. Hagsmunaárekstrar

Hjá RB skiptir fagmennska og óhæði okkur miklu máli. Við látum því ekki persónulega hagsmuni hafa áhrif á störf okkar. Við beitum dómgreind okkar til þess að átta okkur á mögulegum hagsmunaárekstrum og koma í veg fyrir þá.

5. Tilkynningar er varðar misferli

RB hvetur starfsmenn og ytri aðila til að tilkynna ef þeir verða varir við, hafa vitneskju eða grun um hugsanlegt misferli sem tengist starfsemi RB. <http://www.rb.is/um-rb/abending-um-misferli> Þetta á bæði við um einstakt tilvik eða að ítrekað sé ekki að fullu starfað í samræmi við lög og reglur, verklagsreglur og stefnur RB eða almennt siðferði.

RB verndar starfsmenn sem hafa í góðri trú tilkynnt um meint brot gegn því að þeir sæti misrétti sem má rekja til tilkynningar þeirra.

Tilkynningar um misferli er að finna á heimasíðu RB. Hægt er að velja hvort tilkynning berist til stjórnarformanns, formanns endurskoðunarnefndar, öryggisstjóra eða mannauðsstjóra.